




DÓMSTÓLARÁÐ

ÁRSSKÝRSLA DÓMSTÓLARÁÐS OG HÉRAÐSDÓMSTÓLANNA

Árið 2013

Dómstólaráð
Reykjavík, maí 2014



FORMÁLI

Dómstólaráð hefur tekið saman meðfylgjandi ársskýrslu um starfsemi ráðsins og héraðsdómstólanna fyrir árið 2013 í samræmi við 2. mgr. 14. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998.

Í skýrslunni er að finna helstu upplýsingar um starfsemi dómstólaráðs og héraðsdómstólanna á árinu 2013 sem var enn eitt rekstrarárið sem hefur að miklu leyti einkennst af dómsmálum tengdum efnahagshruninu og álagi þeim fylgjandi. Í ljósi þeirra flóknu og umfangsmiklu mála sem enn eru til meðferðar hjá dómstólunum í kjölfar efnahagshrunsins var með setningu laga nr. 115/2013 um breytingu á ákvæðum laga um dómstóla nr. 15/1998 samþykkt að héraðsdómarar verða samtals 43 út árið 2014 þannig að ekki verður skipað í embætti héraðsdómara sem losna eftir 1. janúar 2015 fyrr en þess gerist þörf til að ná aftur fjölda héraðsdómara í 38. Athygli vekur að enn eykst kostnaður vegna sérfróðra meðdómsmanna verulega umfram verðlagsþróun. Sérfróðir meðdómsmenn eru kallaðir til í málum þar sem sérkunnáttu er þörf til þess að leysa úr máli svo og ef mál er umfangsmikið eða sakarefni er mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði. Í ljósi síhækkandi útgjalda vegna launa sérfróðra meðdómsmanna má m.a. draga þá ályktun að mál sem rekin eru fyrir dómstólunum eru flóknari úrlausnar en áður var. Heildarlaunakostnaður héraðsdómstólanna og dómstólaráðs nemur 85% af heildarútgjöldum og húsnæðiskostnaður 8,5% eða samtals 93,5% af heildarútgjöldum héraðsdómstólanna á árinu 2013. Í kjölfar niðurskurðar og aðhaldsaðgerða var nauðsynlegt að draga enn frekar úr rekstrarkostnaði héraðsdómstólanna á árinu þannig að lítið svigrúm hefur gefist til þess að sinna framþróunarmálum innan stjórnsýslu héraðsdómstólanna.

Reykjavík maí 2014

Ólöf Finnsdóttir
framkvæmdastjóri

Símon Sigvaldason
formaður

EFNISYFRLIT

Formáli.....	2
Dómstólaráð - almennar upplýsingar.....	6
Starfsemi og hlutverk dómstólaráðs	6
Ráðsmenn á árinu 2013.....	6
Starfsmenn ráðsins.....	7
Fjármál.....	7
Fagráð um endurmenntun dómara	10
Vísdomur.....	11
Stjórnendabjálfun	11
Starfshópur um hagkvæmni og skilvirkni	11
Endurskoðun reglna um birtingu dóma.....	11
Vefbirting dóma	11
Starfshópur um siðareglur	12
Starfsdagur dómstólanna	12
Erlent samstarf.....	12
Vefsíða dómstólaráðs og málaskrá	13
Sérfróðir meðdómsmenn.....	13
Héraðsdómstólar	14
Kynning embætta, staðsetning, stærð og tölulegar upplýsingar.....	14
Fjöldi stöðugilda héraðsdómstólanna	14
Héraðsdómur Reykjavíkur	15
Héraðsdómur Vesturlands.....	18
Héraðsdómur Vestfjarða.....	21
Héraðsdómur Norðurlands vestra.....	24
Héraðsdómur Norðurlands eystra.....	27
Héraðsdómur Austurlands	30
Héraðsdómur Suðurlands.....	33
Héraðsdómur Reykjaness	36
Héraðsdómstólar í tölum.....	39
Fjöldi sakfellinga eftir skilgreindum brotaflokkum	41

Skýrslutaka af brotþola yngri en 18 ára	42
Fjöldi mála eftir málaflokkum.....	45
Munnlega flutt einkamál.....	45
Skriflega flutt einkamál	49
Sakamál og sundurliðun ákærumála.....	51
Gjaldþrotaúrskurðir.....	56
Gjaldþrotaskiptabeiðnir.....	57
Rannsóknarúrskurðir	58

Myndayfirlit

Mynd 1. Hlutfallsleg skipting útgjalda héraðsdómstólanna 2013	8
Mynd 2. Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda milli héraðsdómstólanna og dómstólaráðs 2013	9
Mynd 3. Þróun ákærumála hjá HDR árin 1999-2013	16
Mynd 4. Þróun munnlegra fluttra einkamála hjá HDR árin 1999-2013	17
Mynd 5. Þróun ákærumála hjá HDVL árin 1999-2013	19
Mynd 6. Þróun munnlegra fluttra einkamála hjá HDVL árin 1999-2013	20
Mynd 7. Þróun ákærumála hjá HDVF árin 1999-2013	22
Mynd 8. Þróun munnlegra fluttra einkamála hjá HDVF árin 1999-2013	23
Mynd 9. Þróun ákærumála hjá HDNV árin 1999-2013	25
Mynd 10. Þróun munnlegra fluttra einkamála hjá HDNV árin 1999-2013	26
Mynd 11. Þróun ákærumála hjá HDNE árin 1999-2013	28
Mynd 12. Þróun munnlegra fluttra einkamála hjá HDNE árin 1999-2013	29
Mynd 13. Þróun ákærumála hjá HDAL árin 1999-2013	31
Mynd 14. Þróun munnlegra fluttra einkamála hjá HDAL árin 1999-2013	32
Mynd 15. Þróun ákærumála hjá HDSL árin 1999-2013	34
Mynd 16. Þróun munnlegra fluttra einkamála hjá HDSL árin 1999-2013	35
Mynd 17. Þróun ákærumála hjá HDRN árin 1999-2013	37
Mynd 18. Þróun munnlegra fluttra einkamála hjá HDRN árin 1999-2013	38
Mynd 19. Fjöldi íbúa í umdæmi hvers héraðsdómstóls 2013	39
Mynd 20. Fjöldi sakfellinga eftir skilgreindum brotaflokkum fyrir árið 2013	41
Mynd 21. Skýrslutökur af börnum yngri en 18 ára	42
Mynd 22. Þróun heildarmálfjölda héraðsdómstólanna	43
Mynd 23. Þróun munnlegra fluttra einkamála	45
Mynd 24. Lyktir og málsmeðferðartími munnlegra fluttra einkamála	46
Mynd 25. Málsmeðferðartími og afgreiðsla munnlegra fluttra einkamála	47
Mynd 26. Þróun fjölda skriflegra fluttra einkamála	49
Mynd 27. Lyktir skriflegra fluttra einkamála og málsmeðferðartími þeirra	50
Mynd 28. Þróun fjölda innkominna ákærumála	51
Mynd 29. Málsmeðferðartími og afgreiðsla ákærumála	52
Mynd 30. Lyktir ákærumála frá lögreglu og málsmeðferðartími	53
Mynd 31. Lyktir ákærumála frá ríkissaksóknara og málsmeðferðartími	54
Mynd 32. Þróun fjölda ágreiningsmála vegna gjaldþrotaskipta	55
Mynd 33. Þróun fjölda gjaldþrotaúrskurða	56
Mynd 34. Þróun fjölda gjaldþrotaskiptabæiðna	57
Mynd 35. Þróun fjölda rannsóknarúrskurða	58

Töfluyfirlit

Tafla 1. Útgjaldaskipting héraðsdómstólanna 2013	7
Tafla 2. Rekstrargjöld héraðsdómstólanna og dómstólaráðs 2013	8
Tafla 3. Þróun launakostnaðar sérfróðra meðdómsmanna 2008-2013	13
Tafla 4. Fjöldi stöðugilda héraðsdómstólanna	14
Tafla 5. Heildarfjöldi innkominna mála sundurliðað eftir dómstólum og tegundum mála	44
Tafla 6. Tegund munnlegra fluttra einkamála	48
Tafla 7. Fjöldi sakamála og sundurliðun ákærumála	51

DÓMSTÓLARÁÐ - ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Starfsemi og hlutverk dómstólaráðs

Helstu verkefni dómstólaráðs, samkvæmt lögum um dómstóla nr. 15/1998, eru að fara með ábyrgð á fjárreiðum héraðsdómstólanna, setja samræmdar reglur fyrir héraðsdómstólana, gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum héraðsdómstóla, ákveða fjölda dómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól, safna upplýsingum um fjölda og afgreiðslu mála við dómstólana auk útgáfu ársskýrslu um starfsemi sína og héraðsdómstólanna. Almennt ber ráðinu að stuðla að því að gætt sé skilvirkni og hraða við rekstur dómsmála. Þá fer ráðið með forsvar héraðsdómstólanna sameiginlega gagnvart stjórnvöldum og öðrum. Dómstólaráði ber að skipuleggja endurmenntun dómara og löglærðra starfsmanna dómstólanna. Verkefni dómstólaráðs eru ekki tæmandi talin í dómstólalögunum en sem dæmi um önnur verkefni sem ráðið sinnir eru tölvu- og upplýsingamál héraðsdómstólanna og símenntun annarra starfsmanna en dómara og löglærðra aðstoðarmanna.

Ráðsmenn á árinu 2013

Í dómstólaráði eiga sæti fimm menn sem ráðherra skipar. Tveir eru kjörnir af héraðsdómurum, tveir eru kjörnir af dómstjórum við héraðsdómstólana úr þeirra hópi en einn ráðsmaður er skipaður af innanríkisráðherra án tilnefningar. Skipunartími í dómstólaráði er fimm ár og rennur skipunartími eins ráðsmanns út hvert ár. Símon Sigvaldason, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, er formaður dómstólaráðs sem fulltrúi dómara, varamaður hans er Hervör Þorvaldsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, þau eru skipuð til 15. maí 2016. Aðrir ráðsmenn á árinu 2013 voru: Þorgerður Erlendsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, fulltrúi dómara, varamaður hennar er Arngrímur Ísberg héraðsdómari, skipuð til 15. maí 2015. Hjörtur O. Aðalsteinsson, dómstjóri við Héraðsdóm Suðurlands, fulltrúi dómstjóra, varamaður hans er Halldór Halldórsson, dómstjóri Héraðsdóms Norðurlands vestra, skipaðir til 15. maí 2017. Þorgeir Ingi Njálsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness, fulltrúi dómstjóra, varamaður hans er Ingimundur Einarsson, dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur, skipaðir til 1. júlí 2013. Þorgeir Ingi Njálsson, fulltrúi dómstjóra, og Ingimundur Einarsson, varamaður hans, voru endurkjörnir á árinu og skipaðir til 30. júní 2018. Símon Sigvaldason, formaður dómstólaráðs, var í námsleyfi frá 1. janúar 2013 til 30. júní 2013. Þorgeir Ingi Njálsson gegndi starfi formanns dómstólaráðs á leyfistíma Símonar. Fulltrúi ráðherra er Þórdís Ingadóttir, dósent við Háskólann í Reykjavík, varamaður hennar er Hrefna Friðriksdóttir, dósent við Háskóla Íslands, skipaðar til 1. júlí 2014.

Starfsmenn ráðsins

Hjá dómstólaráði starfa Ólöf Finnsdóttir, framkvæmdastjóri í fullu starfi, Sara Björg Sigurðardóttir, sérfræðingur í 70% starfi, og Ásdís Birna Stefánsdóttir, prófarkalesari í 60% starfi, en hún annast lestur fyrir aðra dómstóla en Héraðsdóm Reykjavíkur.

Fjármál

Dómstólaráð fer með ábyrgð á fjárreiðum héraðsdómstólanna og skiptir á milli þeirra fé sem þeim er veitt í einu lagi með fjárlögum.

Á árinu 2013 nam heildarrekstur héraðsdómstólanna 1.376 m.kr. Í töflu 1 má sjá útgjaldaskiptingu dómstólanna fyrir árið 2013. Þar sést að 85% af útgjöldum héraðsdómstólanna er launakostnaður, samanborið við 83% hlut af heildarútgjöldum árið 2012. Næststærsti útgjaldaliður þar á eftir er húsnæðiskostnaður með 8,5% hlut af heildarútgjöldum, samanborið við 9% hlut af heildarútgjöldum árið 2012. Rekstrarvörur standa í stað, eru 1,3% af heildarútgjöldum. Milli ára hefur dregið úr rekstrarkostnaði. Á árinu 2012 var hann 1,5% af heildarútgjöldum en árið 2013 nam rekstrarkostnaður 0,6% af heildarútgjöldum. Það sama á við um húsnæðiskostnað en hann lækkaði úr 9% árið 2012 í 8,5% árið 2013. Þá hefur dregið úr aðkeyptri þjónustu úr 4,3% árinu 2012 í 3,7% af heildarútgjöldum árið 2013.

Tafla 1. Útgjaldaskipting héraðsdómstólanna 2013


	Milljónir kr.	Hlutfall
Laun¹	1.171	85,0%
Ferðir og fundir	13	0,9%
Rekstrarvörur	18	1,3%
Aðkeypt þjónusta²	51	3,7%
Húsnæði	118	8,5%
Rekstrarkostnaður	5	0,6%
Samtals	1.376 ³	100%

¹Um er að ræða laun og launatengd gjöld starfsmanna dómstólanna og sérfróðra meðdómsmanna.

²Dæmi um liði sem falla undir aðkeypta þjónustu má nefna rekstur málaskrár, heimasíðu, hugbúnaðarleyfi, nettengingar, tölvuþjónustu og skjala- og öryggismál.

³Ársreikningstölur fyrir árið 2013 úr Orra fjárhagskerfi ríkisins.

Mynd 1. Hlutfallsleg skipting útgjalda héraðdómstólanna 2013




Tafla 2. Rekstrargjöld héraðsdómstólanna og dómstólaráðs 2013

	Milljónir kr.	Hlutfall
Dómstólaráð ⁴	63	4,6%
Sérfróðir meðdómsmenn	66	4,8%
Héraðsdómur Reykjavíkur	694	50,4%
Héraðsdómur Reykjaness	242	17,6%
Héraðsdómur Vesturlands	45	3,3%
Héraðsdómur Vestfjarða	38	2,8%
Héraðsdómur Norðurlands vestra	31	2,3%
Héraðsdómur Norðurlands eystra	75	5,4%
Héraðsdómur Austurlands	35	2,5%
Héraðsdómur Suðurlands	87	6,3%
Samtals	1.376	100%

⁴Dómstólaráð sér um rekstur og umsýslu málaskrár fyrir héraðsdómstólana, grunnþjónustu vegna tölvumála, netföng, netaðgang og rekstur heimasíðu www.domstolar.is.

Mynd 2. Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda milli héraðsdómstólanna og dómstólaráðs 2013



Helstu verkefni dómstólaráðs á árinu 2013

Dómstólaráð hélt 19 fundi á árinu. Skrifstofa dómstólaráðs afgreiddi samkvæmt bréfabók samtals 685 erindi, 335 erindi voru innsend, útsend erindi voru 350. Erindi sem bárust skrifstofu dómstólaráðs voru einkum fyrirspurnir er varða starfsemi héraðsdómstólanna frá ráðuneytum, stofnunum, Alþingi, lögmannsstofum, einstaklingum og fjölmiðlum. Flest erindin frá opinberum aðilum vörðuðu beiðnir um samantekt á tölfraðilegum upplýsingum um hina ýmsu málaflokka héraðsdómstólanna. Þess utan fékk skrifstofa ráðsins margvísleg símtöl, ábendingar og fyrirspurnir er vörðuðu starfsemi og starfsumhverfi héraðsdómstólanna. Þá var tekið á móti erlendum gestum en dómstólaráð skipulagði og hélt utan um námsferð dómara frá Litháen til Íslands (Nordic Baltic cooperation) og tók á móti starfsmönnum frá Glåmdal tingrett í Noregi.

Fagråd um endurmenntun dómara

Eitt meginmarkmiði í stefnu héraðsdómstólanna er að leggja áherslu á að starfsmenn byggji upp og auki hæfni sína með virkri símenntun. Dómstólaráð skipaði sérstakan starfshóp, fagråd, sem ætlað er m.a. að efla samskipti við lagadeildir háskólanna og skipuleggja sérsniðin námskeið að þörfum dómara. Fagråðið skipa: Ásmundur Helgason, Ragnheiður Harðardóttir og Þorgeir Ingi Njálsson. Fagråðið skipulagði og sá um eftirtalin námskeið:

- 21. febrúar 2013: Breytingar á barnalögum; Efnisreglur og málsmeðferð. Leiðbeinandi: Hrefna Friðriksdóttir, dósent við lagadeild Háskóla Íslands.
- 1. mars 2013: Málsmeðferð í einkamálum og samning dóms. Námskeiðið var einkum ætlað dómurum sem nýlega höfðu komið til starfa og aðstoðarmönnum dómara. Leiðbeinendur: Þorgeir Ingi Njálsson dómstjóri og Sigurður Tómas Magnússon, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík.
- 14. mars 2013: Ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins; Aðkoma EFTA-dómstólsins að túlkun reglna um fjármálafyrirtæki. Leiðbeinandi: Skúli Magnússon, héraðsdómari og dósent við lagadeild Háskóla Íslands.
- 5. apríl 2013: Skyldur dómara við að framfylgja ESB- og EES-rétti; Túlkun, réttarúrræði og málsmeðferðarreglur í einkamálum. Leiðbeinandi: Dóra Guðmundsdóttir, aðjúntk við lagadeild Háskóla Íslands.
- 16. maí 2013: Íslenskur bótaréttur vegna líkamstjóna. Leiðbeinendur: Guðmundur Sigurðsson, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, og Þóra Hallgrímsdóttir, sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Vísdomur

Markmið Vísdoms er að styrkja starfsmenn héraðsdómstólanna í störfum sínum með aukinni færni og þekkingu. Verkefnið er liður í að móta heildstætt námskerfi fyrir starfsmenn dómstólanna sem tekur mið af nýjum þörfum fyrir fræðslu og þjálfun á vinnustað. Fræðslan byggist á greiningu á þörfum starfsmanna þar sem til grundvallar liggur hlutverk og stefna dómstólanna. Í rýnihópi af hálfu starfsmanna sátu vorið 2013, Guðbjörg Skarphéðinsdóttir, Hugrún Ragnarsdóttir, Jenný Jónsdóttir, Kristbjörg Steingrímsdóttir og Vilborg A. Sigurðardóttir. Í stýrihópi Vísdoms sitja, Friðrik Þ. Stefánsson, Hulda Kristinsdóttir, Ingibjörg Gunnarsdóttir, Ingibjörg L. Stefánsdóttir og Ólöf Finnsdóttir. Eftirfarandi námskeið var haldið á vegum Vísdoms á árinu:

- 25. nóvember 2013: Lögfræði I, almenn meðferð einkamála. Lilja Rún Sigurðardóttir, aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur.

Stjórnendabjálfun

Efnt var til sérstaks stjórnunarnámskeiðs fyrir dómstjóra í samvinnu við Attentus.

- 7. febrúar 2013: Stjórnendanámskeið: hlutverk stjórnenda, hvatning og endurgjöf í starfi. Árný Elíasdóttir og Sigrún Þorleifsdóttir hjá Attentus.
- 13. mars 2013: Starfsmannasamtöl. Árný Elíasdóttir og Sigrún Þorleifsdóttir hjá Attentus.

Starfshópur um hagkvæmni og skilvirkni

Til samræmis við stefnu héraðsdómstólanna og dómstólaráðs var skipaður starfshópur um hagkvæmni og skilvirkni við vinnslu dómsmála. Hópin skipaðu: Símon Sigvaldason, Arngrímur Ísberg, Halldór Halldórsson, Halldór Björnsson, Ingveldur Einarsdóttir og Sandra Baldvinsdóttir. Hópurinn skilaði tillögum í janúar 2013 í 17 töluliðum um ýmsar umbætur við rekstur dómsmála sem hafa nú verið lagðar fyrir réttarfarsnefnd til skoðunar.

Endurskoðun reglna um birtingu dóma

Starfshópur, skipaður þeim Friðriki Þ. Stefánssyni, Halldóri Björnssyni, Ragnheiði Harðardóttir og Þorgeiri Inga Njálssyni, vann að endurskoðun reglna um birtingu dóma á heimasíðu héraðsdómstólanna. Reglurnar voru samþykktar á fundi dómstólaráðs 28. júní 2013 en gildistöku þeirra síðan frestað til 1. janúar 2014.

Vefbirting dóma

Dómstólaráð ákvað að hefja undirbúning að endurnýjun dómaleitarvélar á heimasíðu héraðsdómstólanna ásamt því að vinna að uppbyggingu innri vefs dómstólanna. Gengið var út frá því að dómar birtist sem lokað pdf -skjöl með almennum leitarkeyrðum auk sértækrar leitar eftir skráðum leitarorðum. Starfshópur, skipaður þeim Bryndísi Þorsteinsdóttur, Erlingi Sigtryggssyni, Ernu

Björt Árnadóttur, Hugrúnu Ragnarsdóttir, Kolbrúnu Birnu Árdal og Söru Björgu Sigurðardóttur, yfirför orðalista með lykilordum til skráningar á heimasíðu ásamt því að vinna að nýju verklagi við vefbirtingu dóma.

Starfshópur um siðareglur

Starfshópur, skipaður þeim Þórdísi Ingadóttur, sem jafnframt var formaður hópsins, Ásbirni Jónassyni, Ernu Björt Árnadóttur, Ingibjörgu Gunnarsdóttur, Ingibjörgu L. Stefánsdóttur, Söru Björgu Sigurðardóttur og Sigrúnu Steingrímsdóttur, vann að undirbúningi siðareglna fyrir starfsmenn dómstólanna. Staðfesting siðareglna fyrir starfsmenn dómstóla er til samræmis við ákvæði 5. gr. laga nr. 86/2010, um breytingu á ákvæði 15. gr. laga um nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Starfsdagur dómstólanna

25. október 2013 boðaði dómstólaráðs til starfsdags í Víkinni sjóminjasafni og var yfirskrift dagsins „skilvirkni og innri styrkur“. Að undirbúningi starfsdagsins stóðu þau Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Guðfinnur Stefánsson, Hákon Þorsteinsson, Hulda Kristinsdóttir, Ingibjörg Gunnarsdóttir, Kolbrún Sævarsdóttir, Ragnheiður Snorradóttir og Sólveig Ingadóttir. Á starfsdeginum var gerð grein fyrir stöðu mála við stefnumótunarvinnu dómstólaráðs og drög að siðareglum starfsmanna voru kynnt. Skrifstofustjóri danska dómstólaráðsins hélt erindi, m.a. um endurskipulagningu danska dómstólakerfisins með það að markmiði að auka gæði og skilvirkni. Að lokum hélt Edda Björgvinsdóttir erindi um hómur í stjórnun og starfi. Þá hélt dómstólaráð fund með skrifstofustjóra danska dómstólaráðsins þar sem hún gerði grein fyrir endurmenntunar- og starfsþróunarmálum á vegum danska dómstólaráðsins.

Erlent samstarf

Reglubundinn fundur forstöðumanna norrænu dómstólaráðanna var að þessu sinni haldinn í Kaupmannahöfn dagana 28.–30. ágúst sl. Framkvæmdastjóri og sérfræðingur á skrifstofu dómstólaráðs sóttu fundinn ásamt rekstrar- og mannauðsstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Nýtt glæsilegt dómhús var skoðað í Frederiksberg auk þess sem tekið var á móti hópnum í Hæstarétti Danmerkur. Á fundinum kynntu Danir m.a. umfangsmikið og kostnaðarsamt verkefni við rafræna þinglýsingu. Finnar sögðu frá stefnumótunarvinnu um umbætur á réttarkerfinu fyrir árin 2013-2025 þar sem m.a. hefur verið tekin ákvörðun um að setja á laggirnar sérstakt dómstólaráð og færa þar með stjórnsýsluna frá dómsmálaráðuneytinu. Norðmenn kynntu m.a. matsskýrslu um framgang og vinnu við Breivík málið. Rætt var um endurmenntunarmál dómara og var tillögu Dana um að auka samstarf milli Norðurlandabjóðanna í þeim efnum vel tekið.

Vefsíða dómstólaráðs og málaskrá

Dómstólaráð heldur utan um og rekur heimasíðuna www.domstolar.is. Á heimsíðunni má finna upplýsingar um hvern dómstól fyrir sig, tölfræði, dómaleitarvél, fréttir af starfseminni og margvíslegar aðrar upplýsingar um starfsemi héraðsdómstólanna og dómstólaráðs. Dómstólaráð heldur utan um rekstur málaskrár héraðsdómstólanna. Héraðsdómstólarnir skrá upplýsingar um aðila máls, málsmeðferð og lyktir mála í málaskrána en dómstólaráð hefur með höndum samantekt á tölfræðiupplýsingum til birtingar á heimasíðu og í ársskýrslu.

Sérfróðir meðdómsmenn

Pegar deilt er um staðreyndir, sem eru bornar fram sem málsástæður og dómari telur þurfa sérkunnáttu í dóm til að leysa úr, getur hann kvatt til tvo meðdómsmenn sem hafa slíka sérkunnáttu. Eins ef mál er umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði er mögulegt að kveðja til sérfróðan meðdómsmann. Kostnaður vegna sérfróðra meðdómsmanna við héraðsdómstólana nam 66 m.kr. á árinu 2013 sem er 4,8% af heildarútgjöldum dómstólanna. Kostnaður vegna launa sérfróðra meðdómsmanna hefur aukist verulega umfram verðlagsþróun undanfarin ár eins og sjá má á meðfylgjandi töflu er sýnir þróun í launakostnaði til sérfróðra meðdómsmanna frá árinu 2008-2013.

Tafla 3. Þróun launakostnaðar sérfróðra meðdómsmanna 2008-2013

Ártal	Upphæð í milljón.kr.
2008	36
2009	42
2010	41
2011	48
2012	61
2013	66

HÉRAÐSDÓMSTÓLAR

Kynning embætta, staðsetning, stærð og tölulegar upplýsingar

Fjöldi stöðugilda héraðsdómstólanna

Dómarar héraðsdómstólanna voru samtals 38 á grundvelli 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 þar til þeim var fjölgað tímabundið í samtals 43 með lögum nr. 147/2009 er tóku gildi 1. janúar 2010. Ekki skal skipa í embætti héraðsdómara, sem losna eftir 1. janúar 2015, fyrr en þess gerist þörf til að ná aftur fjölda héraðsdómara í 38, sbr. 1.gr. laga nr. 115/2013.

Tafla 4. Fjöldi stöðugilda héraðsdómstólanna

	Dómarar				Aðstoðarmenn				Aðrir starfsmenn			
	2010	2011	2012	2013	2010	2011	2012	2013	2010	2011	2012	2013
HDR	23,7	25	25	25	7,5	5,5	6	5,7	19,5	17	18	18
HDVL	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
HDVF	1	1	1	1	0	0	0	0	1	1	1	1
HDNV	1	1	1	1	0	0	0	0	1	1	1	1
HDNE	3	3	3	3	0	0	0	0	2	2	2	2
HDAL	1	1	1	1	0,27	0,33	0	0	1	1	1	1
HDSL	2,8	3	3	3	1	1	1	1	2	2	2	2
HDRN	7,6	8	8	8	2	2,71	3	3	6	6	6	6
Samtals	41,1	43	43	43	9,57	11,5	11	10,7	34,5	31	32	32
Dómstólaráð	2,2	2,2	2,2	2,2								

Á grundvelli 2. mgr. 20. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla getur ráðherra sett dómara í embætti, í forföllum skipaðs dómara, ef sérstakar annir krefja og dómstólaráð mælir með því. Á árinu 2013 voru 9 dómarar settir við Héraðsdóm Reykjavíkur, í mislangan tíma, vegna forfalla eða leyfis skipaðs dómara.

Héraðsdómur Reykjavíkur

Í Dómhúsinu við Lækjartorg er aðsetur Héraðsdóms Reykjavíkur og heyra sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur undir umdæmi hans. Dómstjóri er Ingimundur Einarsson. Við dómstólinn starfa 24 dómarar auk dómstjóra, 6 aðstoðarmenn, 11 dómritarar og 7 aðrir starfsmenn.

Helstu verkefni á árinu- samantekt dómstjóra

Árið 2013 var um margt sérstakt í starfsemi Héraðsdóms Reykjavíkur. Þótt fimm ár væru þá liðin frá hruni íslenska fjármálakerfisins sáust þess lítt merki að dregið hefði úr fjölda dómsmála sem beinlínis áttu rætur að rekja til þess. Heildarfjöldi innkominna mála jókst á milli ára að undanskildum ágreiningsmálum vegna gjaldþrotaskipta. Skýrist sú breyting að langmestu leyti af færri málum sem vísað var til dómsins vegna ágreinings um lýstar kröfur á hendur föllnu bönkunum. Í þeirra stað kom á hinn bóginn til meðferðar fjöldi einkamála þar sem krafist er riftunar ýmissa fjármálagerna föllnu bankanna og skaðabóta úr hendi fyrrverandi stjórnenda þeirra. Síðast en ekki síst varð mikil aukning í málum þar sem deilt er um lögmæti gengistryggingar fjárskuldbindinga og uppgjör slíkra skuldbindinga, en með lögum nr. 80/2013, um breytingu á lögum um meðferð einkamála, var mælt svo fyrir að meðferð þeirra mála skyldi hraðað. Nánast öll þessi mál eiga það sammerkt að þau eru mikil að vöxtum, flókin viðfangs og oft án fordæma, þar sem deilt er um verulega hagsmuni.

Fjöldi sakamála jókst á milli ára. Meðal þeirra voru gífurlega umfangsmikil ákærumál frá embætti sérstaks saksóknara, öll tengd falli bankanna. Í flestum tilvikum er dómur fjölskipaður í þeim málum. Við þingfestingu eins þessara mála var haft eftir sérstökum saksóknara að líklega væri það mál stærsta efnahagsbrotamál sem komið hefði til kasta íslenskra dómstóla. Taka má undir þau orð. Sérstaka athygli vekur fjölgun aðfararbeiðna milli ára og má segja að holskefla þeirra mála hafi ridið yfir dóminn allt frá árinu 2011. Að stærstum hluta er hér um að ræða beiðnir um fjárnám til fullnustu peningakröfu, en einnig beiðnir um útburð og innsetningu. Öruggt má telja að fjölgun þessara beiðna sé bein afleiðing efnahagshrunsins. Þrátt fyrir aukinn fjölda ákærumála lengdist málsmeðferðartími þeirra einungis lítillega milli ára. Á sama tíma styttist hins vegar málsmeðferðartími í munnlega fluttum einkamálum. Er óhætt að fullyrða að ekki er víða að finna jafn skilvirka og hraða málsmeðferð og hér á landi og gildir þá einu til hvaða málaflokka litið er.


Á þessari stundu er fátt sem bendir til þess að forsendur séu til þess að unnt verði að fækka í hópi dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur frá og með næstu áramótum. Mikið álag á dómstólnum sýnir, svo ekki verður um villst, að full þörf er á þeim fjölda dómara sem þar starfar nú. Í umræðum um slíka ákvörðun er ekki síður nauðsynlegt að hafa í huga að fjöldi héraðsdómara hefur verið sá sami allt frá

stofnun dómstólsins árið 1992. Á þeim tíma hefur samfélagið tekið miklum breytingum.

Ákærumál í Héraðsdómi Reykjavíkur

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Reykjavíkur frá árinu 1999 til ársins 2013. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum barst 881 nýtt ákærumál og samtals voru afgreidd 813 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 60 dagar á árinu 2013 en 58 dagar á árinu 2012.


Mynd 3. Þróun ákærumála hjá HDR árin 1999-2013



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Reykjavíkur

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Reykjavíkur frá árinu 1999 til ársins 2013. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 809 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 733 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 353 dagar á árinu 2013 en 365 dagar á árinu 2012.

Mynd 4. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDR árin 1999-2013



Héraðsdómur Vesturlands

Í Borgarnesi er aðsetur Héraðsdóms Vesturlands og heyra Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær undir hans umdæmi. Dómstjóri er Allan V. Magnússon. Við dómstólinn starfar einn aðstoðarmaður og einn dómritari.


Helstu verkefni á árinu - samantekt dómstjóra.

Um árið 2013 er það helst að segja að ágreiningsmál vegna gjaldþrotaskipta, dánarbúaskipta, aðfarargerða og nauðungarsölu hafa verið nokkuð fyrirferðarmikil. Þá var nokkuð um einkamál til meðferðar með fjölskipuðum dómi, svo sem forsjármál og gallamál vegna fasteignakaupa sem eru tímafrek. Loks er þess að geta að nokkuð þung sakamál hafa verið til meðferðar, þannig að árið var viðburðaríkt. Reynslan af auknum heimildum til löglærðra aðstoðarmanna hefur reynst afar vel.

Ákærumál í Héraðsdómi Vesturlands

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Vesturlands frá árinu 1999 til ársins 2013. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 155 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 157 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 104 dagar á árinu 2013 en 91 dagar á árinu 2012.


Mynd 5. Þróun ákærumála hjá HDVL árin 1999-2013



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Vesturlands

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Vesturlands frá árinu 1999 til ársins 2013. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðal afgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 14 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 17 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 476 dagar á árinu 2013 en 400 dagar á árinu 2012.

Mynd 6. Þróun munnlegra fluttra einkamála hjá HDVL árin 1999-2013



Héraðsdómur Vestfjarða

Á Ísafirði er aðsetur Héraðsdóms Vestfjarða og heyra Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð undir hann. Dómstjóri er Sigríður Elsa Kjartansdóttir. Við dómstólinn starfar einn dómritari.

Helstu verkefni á árinu - samantekt dómstjóra.

Það bar hæst við Héraðsdóm Vestfjarða árið 2013 að dómaraskipti urðu við embættið. Kristinn Halldórsson, sem skipaður var héraðsdómari og dómstjóri við dómstólinn 2007, lét af störfum og í fyrsta sinn var kona skipuð sem dómari á Vestfjörðum.


Aðstæður við Héraðsdóm Vestfjarða eru sérstæðar að því leyti að veður og færð eiga það til að raska starfsemi dómstólsins og gerðist það ítrekað haustið 2013. Aðalmeðferðum var oft frestað þar sem ýmist meðdómendur, málflytjendur, aðilar máls eða vitni komust ekki á þingstað vegna ófærðar. Að sama skapi hefur dregist að framangreindir aðilar kæmst til baka að loknu þinghaldi. Þetta getur haft áhrif á þann tíma sem meðferð mála tekur fyrir dómstólnum en sá tími hefur lengst lítillega milli ára 2012 og 2013.

Þegar litið er til ársins 2013 hvað varðar málafjölda vekur það helst athygli að heildarfjöldi mála hefur aukist um 11,6% frá árinu 2012. Þegar skoðaðir eru einstakir málaflokkar má sjá að fjölgunin skýrist af auknum fjölda aðfararmála en þau voru 8 árið 2012 en 58 árið 2013. Enga einhlíta skýringu er að finna á þessari þróun en hún kann að hluta að vera afleiðing af því að leiðréttingum gengistryggða lána er að einhverju leyti lokið. Þá er sú þróun athyglisverð að þrátt fyrir að fjöldi ákærumála sé nokkuð svipaður árin 2012 og 2013 þá hefur hlutfall mála sem ákært er í af hálfu ríkissaksóknara aukist úr því að vera ein ákæra af 61 á árinu 2012 í 15 af 54 á árinu 2013.

Ákærumál í Héraðsdómi Vestfjarða

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Vestfjarða frá árinu 1999 til ársins 2013. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 54 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 54 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 89 dagar á árinu 2013 samanborið við 79 dagar á árinu 2012.


Mynd 7. Þróun ákærumála hjá HDVF árin 1999-2013



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Vestfjarða

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Vestfjarða frá árinu 1999 til ársins 2013. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 4 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 7 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 273 dagar á árinu 2013 en 255 dagar á árinu 2012.

Mynd 8. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDVF árin 1999-2013



Héraðsdómur Norðurlands vestra

Á Sauðárkróki er aðsetur Héraðsdóms Norðurlands vestra og heyra Akrahreppur, Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagatrönd undir hans umdæmi. Dómskjóti er Halldór Halldórsson. Við dómskjólinn starfar einn dómsritari.


Helstu verkefni á árinu - samantekt dómskjóra

Árið 2013 var um flest svipað liðnum árum hvað starfsemi dómskjólsins varðar. Starfsmannafjöldi hefur verið óbreyttur frá upphafi og þá tókst að halda rekstri innan fjárheimilda. Einkamálum og sakamálum hefur heldur fækkað miðað við fyrri ár en munnlega fluttum málum í þessum málaflokkum hefur þó ekki fækkað. Allnokkur aukning varð í aðfararmálum og þar oftast tekið til varna en verið hefur. Á þetta bæði við um innsetningar- og útburðarmál. Stór hluti af starfi ritara fór í að sinna verkum annarra dómskjóla, einkum Héraðsdóms Reykjavíkur en ritari hefur veitt þeim dómskjól aðstoð við að rita upp framburð aðila og vitna. Þá hefur hún og ritað upp framburð í einhverjum málum fyrir Héraðsdóm Reykjaness. Þessi aðstoð ritara hefur hentað vel enda verkefnum hans, einkum við bókhald, fækkað frá því sem áður var. Þá hefur dómskjóri einnig veitt Héraðsdómi Reykjavíkur aðstoð með því að dæma nokkur ágreiningsmál sem upp komu við skipti á búum bankanna. Þeim málum er nú lokið en þess í stað hefur dómskjóri létt undir með Héraðsdómi Reykjavíkur með því að ljúka einkamálum þar sem ekki er tekið til varna. Á síðasta ári voru þessi mál rúmlega 400 talsins.

Ákærumál í Héraðsdómi Norðurlands vestra

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Norðurlands vestra frá árinu 1999 til ársins 2013. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómskjólum og eru nýskráð á árinu. Dómskjólum bárust 26 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 72 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 90 dagar á árinu 2013 en 73 dagar á árinu 2012.


Mynd 9. Þróun ákærumála hjá HDNV árin 1999-2013



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Norðurlands vestra

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Norðurlands vestra frá árinu 1999 til ársins 2013. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru mál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómpingi var úthlutað 9 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 23 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðatími munnlega fluttra einkamála var 184 dagar á árinu 2013 en 518 dagar á árinu 2012.

Mynd 10. Þróun munnlegra fluttra einkamála hjá HDNV árin 1999-2013



Héraðsdómur Norðurlands eystra

Á Akureyri er aðsetur Héraðsdóms Norðurlands eystra og heyra Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Langesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit undir hans umdæmi. Dómskjóti er Ólafur Ólafsson. Við dómskjólinn starfa tveir dómarar auk dómskjóta og þrír dómsritarar.

Helstu verkefni á árinu- samantekt dómskjóta.


Hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra, Akureyri, skar árið 2013 sig ekki sérstaklega úr miðað við síðustu ár. Nokkur tilfærsla var þó á milli málaflokka eins og gengur. Þannig fækkaði lögræðis- og ágreiningsmálum, en aðfararbeiðnum fjölgaði talsvert. Fjöldi gjaldþrotaúrskurða var nær því hinn sami og árið áður. Munnlega fluttum einkamálum fækkaði, en fleiri slíkum málum var þó lokið á árinu 2013 en árið áður. Svonefnd þjóðlendumál hafa verið fyrirferðarmikil síðustu árin. Um er að ræða einkamál á sviði eignarréttar og hafa þau tekið til svæða allt frá Þistilfirði og til Austurdals í Skagafirði, en einnig Skíðadals í Dalvíkurbyggð. Líðlega 30 mál af þessum toga hafa verið þingfest á liðnum árum, og eru þau nokkuð fleiri en hjá öðrum héraðsdómskjóllum landsins. Síðustu málin voru þingfest í lok árs 2012 og hillir því undir lok. Af öðrum málaflökkum sem voru nokkuð fyrirferðarmiklir má helst nefna skaðabótamál og almenn skuldamál. Sakamálum fækkaði lítillega frá árinu 2012, en hins vegar fjölgaði ákærum. Fækkunin skýrist m.a. af því að lögreglustjórnir á Akureyri og á Húsavík hafa nýtt sér lagaheimildir, sbr. 148. gr. og 149. gr. sakamálalaga nr. 88, 2008, til að ljúka smámálum einstaklinga með sektargerðum, í stað þess að beina þeim til dómskjólsins. Felst í þessum vinnubrögðum augljóst hagræði og sparnaður fyrir einstaklinga og ríkissjóð. Skýrslutökur af börnum fyrir dómi voru 9 á árinu 2013. Þrátt fyrir að langflest málin séu rekin í dómsal embættisins á Akureyri eru líkt og undanfarin ár í nokkrum tilfellum mál rekin í dómsal sem dómskjóllinn hefur til afnota hjá lögreglustjóranum á Húsavík. Ástæða þessa er augljóst hagræði fyrir aðila og lögmenn, t.d þegar aðilar og vitni eru búsett í Þingeyjarsýslum eða eiga um langan veg að fara, t.d frá Langesbyggð.

Í umdæmi Héraðsdóms Norðurlands eystra var hófleg fjölgun íbúa á árinu 2013, en samkvæmt tölum dómskjólaráðs eru þeir tæplega 30 þúsund, og er því umdæmið það þriðja fjölmennasta í landinu. Starfsmenn Héraðsdóms Norðurlands eystra eru sex, þ.e. þrír dómarar og þrír dómsritarar, en í tveimur stöðugildum. Má það ekki minna vera!

Ákærumál í Héraðsdómi Norðurlands eystra

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra frá árinu 1999 til ársins 2013. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 254 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 253 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 81 dagur á árinu 2013 samanborið við 59 dagar á árinu 2012.

Mynd 11. Þróun ákærumála hjá HDNE árin 1999-2013




Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Norðurlands eystra

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra frá árinu 1999 til ársins 2013. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru mál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til

dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 33 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 63 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 530 dagar á árinu 2013 en 425 dagar á árinu 2012.

Mynd 12. Þróun munnlegra fluttra einkamála hjá HDNE árin 1999-2013



Héraðsdómur Austurlands

Á Egilsstöðum er aðsetur Héraðsdóms Austurlands og heyra Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vopnafjarðarhreppur undir hans umdæmi. Dómstjóri er Hildur Briem. Við dómstólinn starfar einn dómritari.

Helstu verkefni á árinu-samantekt dómstjóra

Árið 2013 fjölgaði innkomnum málum til Héraðsdóms Austurlands, í 315 mál úr 296 málum árið 2012. Mest fjölgaði innkomnum aðfararmálum, úr 19 málum árið 2012 í 62 mál árið 2013 og hefur fjöldi þeirra ekki verið meiri frá árinu 1997. Er hér bæði um að ræða fjölgun á beiðnum um beinar aðfarargerðir og um fjárnám. Innkomnum ákærumálum fjölgaði einnig, úr 35 málum árið 2012 í 53 mál, en hafa ber í huga að um óvenjufá mál var að ræða á árinu 2012 og er fjöldi ákærumála nú svipaður og á árunum 2010 til 2011. Ákærumálum við dómstólinn hefur heldur farið fækkandi þegar litið er til mála fjölda á fyrri hluta síðasta áratugar, en þau voru flest 101 talsins árið 2008. Má reikna með að skýringu þess sé helst að rekja til aukinna heimilda ákæruvalds til að ljúka málum með sektargerð og til fólksfækkunar frá því er umfang virkjana- og álversframkvæmda í umdæminu var hvað mest. Innkomnum málum vegna beiðna um gjaldþrotaskipti fækkaði milli ára, úr 50 í 39. Munnlega fluttum einkamálum fækkaði einnig lítillega milli ára, úr 17 í 14 mál. Fjöldi þeirra mála hefur verið nokkuð breytilegur milli ára en undanfarinn áratug hefur hann verið á bilinu 5 til 53 mál, mestur á árunum 2008 og 2010.


Meðalafgreiðslutími munnlega fluttra einkamála var 282 dagar árið 2013 og styttest úr 315 dögum árið 2012. Meðalafgreiðslutími ákærumála styttest einnig og var 96 dagar, en 112 dagar 2012. Þegar afgreiðslutími ákærumála er virtur skal þess getið að algengt er að sakamál sé höfðað á brotavarnarþingi, þótt ákærði sé búsettur utan umdæmis dómstólsins. Getur það haft í för með sér nokkrar tafir á málsmeðferð í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að ljúka máli að ákærða fjarstöddum. Má hér nefna að fyrir kemur að þinghöld dómsins séu haldin í dómsölum annarra héraðsdómstóla eða í húsnæði sýslumannsins á Höfn í Hornafirði, þar sem áður voru haldin regluleg dómþing, ef það þykir hagkvæmt.

Að lokum skal þess getið að truflun á samgöngum, bæði í flugi og vegna ófærðar á fjallvegum, setur yfirleitt eitthvert mark á framgang mála við Héraðsdóm Austurlands og kemur það fyrir að fresta þurfi aðalmeðferð mála af þessum sökum. Þegar þessi orð eru rituð er það þó ekki veður eða færð sem setja strik í reikninginn heldur yfirvofandi verkfall flugvallarstarfsmanna, þannig að margt getur komið til. Yfirleitt tekst þó að koma þeim málum sem frestast fljótlega aftur á dagskrá.

Ákærumál í Héraðsdómi Austurlands

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Austurlands frá árinu 1999 til ársins 2013. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 53 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 55 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 96 dagar á árinu 2013 en 112 dagar á árinu 2012

Mynd 13. Þróun ákærumála hjá HDAL árin 1999-2013




Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Austurlands

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Austurlands frá árinu 1999 til ársins 2013. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru mál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 14 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru

afgreidd 15 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 282 dagar á árinu 2013 en 314 dagar á árinu 2012.

Mynd 14. Þróun munnlegra fluttra einkamála hjá HDAL árin 1999-2013



Héraðsdómur Suðurlands

Á Selfossi hefur Héraðsdómur Suðurlands aðsetur sitt og heyra Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær undir hans umdæmi. Dómstjóri er Hjörtur O. Aðalsteinsson. Við dómstólinn starfa tveir dómarar auk dómstjóra, tveir dómritarar og einn aðstoðarmaður.

Helstu verkefni á árinu - samantekt dómstjóra:


Þegar litið er til ársins 2013 vekur einna helst athygli hve vel hefur tekist að stytta málsmeðferðartíma bæði í sakamálum og munnlega fluttum einkamálum. Einnig vekur athygli að sakamálum fjölgar úr 465 árið 2012 í 626 árið 2013. Löglærður aðstoðarmaður dómara nýtist afskaplega vel eftir að heimild fékkst með lagabreytingu árið 2012, en nú getur dómstjóri falið aðstoðarmanni önnur dómstörf en þau að fara með og leysa að efni til úr hvers konar einkamálum, þar sem vörnum er haldið uppi og sakamálum frá því að þau koma til aðalmeðferðar. Héraðsdómur Suðurlands er eini dómstóllinn sem skiptist í tvær dómþinghár, þ.e.a.s. Selfoss og Vestmannaeyjar. Því miður hafa samgöngur við eyjarnar ekki verið með besta móti á árinu 2013, tvisvar hefur það komið fyrir að dómari hefur ekki komist þangað til þess að sinna reglulegu dómþingi. Þetta er óviðunandi og er úrbóta þörf, spurning hvort hægt sé að leysa þetta vandamál að einhverju leyti með fjarfundabúnaði en þá þarf lagabreytingu til.

Ákærumál í Héraðsdómi Suðurlands

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Suðurlands frá árinu 1999 til ársins 2013. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 419 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 393 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðatími ákærumála var 66 dagar á árinu 2013 en 74 dagar á árinu 2012.

.


Mynd 15. Þróun ákærumála hjá HDSL árin 1999-2013



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Suðurlands

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Suðurlands frá árinu 1999 til ársins 2013. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru mál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 54 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 40 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 261 dagar á árinu 2013 samanborið við 348 dagar á árinu 2012.

Mynd 16. Þróun munnlegra fluttra einkamála hjá HDSL árin 1999-2013



Héraðsdómur Reykjaness

Í Hafnarfirði hefur Héraðsdómur Reykjaness aðsetur sitt og heyra Garðabær, Grindavíkurbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogsbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Álftanes, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar undir hans umdæmi. Dómstjóri er Þorgeir Ingi Njálsson. Við dómstólinn starfa sjö dómarar auk dómstjóra, þrír aðstoðarmenn, einn skrifstofustjóri, þrír dómritarar, móttökuritari og bókarari.


Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra.

Fjölgun var í ákærumálum milli ára hjá HDRN úr 448 málum árið 2012 í 499 mál fyrir árið 2013 en þrátt fyrir þessa fjölgun breyttist málsmeðferðartími ekki milli ára því hann var enn 63 dagar á meðan meðaltal allra héraðsdómstólanna var 70 dagar. Málsmeðferðartími í munnlega fluttum einkamálum lengdist um sjö daga milli ára en það skýrist að mestu leyti af umtalsverðri fjölgun mála sem komu inn árin 2011 og 2012. Þeir málaflokkar sem einnig hafa vegið þungt þegar árið 2013 er skoðað eru þá helst aðfararmál, gjaldþrotamál og rannsóknarúrskurðir. Aukning í aðfararmálum frá árinu á undan var 318 mál og varð ágreiningur í 36 málum. Þá fjölgaði gjaldþrotamálum frá árinu á undan um 200 mál. Rannsóknarúrskurðum fjölgaði einnig milli ára um 243 mál.

Ákærumál í Héraðsdómi Reykjaness

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Reykjaness frá árinu 1999 til ársins 2013. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 499 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 458 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 63 dagar á árinu 2013 eða sá sami og á árinu 2012.


Mynd 17. Þróun ákærumála hjá HDRN árin 1999-2013



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Reykjaness

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Reykjaness frá árinu 1999 til ársins 2013. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru mál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 183 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 187 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 256 dagar á árinu 2013 en 249 dagar á árinu 2012.


Mynd 18. Þróun munnlegra fluttra einkamála hjá HDRN árin 1999-2013



HÉRAÐSDÓMSTÓLAR Í TÖLUM⁵

Þegar tölulegar upplýsingar héraðsdómstólanna eru skoðaðar er áhugavert að líta til íbúafjölda⁶ í umdæmi héraðsdómstólanna. Í umdæmi Héraðsdóms Reykjavíkur býr um 41% íbúa, í umdæmi Héraðsdóms Reykjaness búa um 29% íbúa, í umdæmi Héraðsdóms Norðurlands eystra búa 9% íbúa, í umdæmi Héraðsdóms Suðurlands búa um 7% íbúa, í umdæmi Héraðsdóms Vesturlands búa um 5% íbúa, í umdæmi Héraðsdóms Austurlands búa um 4% íbúa, í umdæmi Héraðsdóms Norðurlands vestra búa um 2% íbúa og í umdæmi Héraðsdóms Vestfjarða búa um 2% íbúa.

Mynd 19. Fjöldi íbúa í umdæmi hvers héraðsdómstóls 2013



Á næstu síðum eru birtar margvíslegar tölulegar upplýsingar um starfsemi dómstólanna, m.a. um greiningu mála eftir brotaflokkum í sakamálum og eftir tegundum einkamála. Umfangsmestu verkefni héraðsdómstólanna eru einkamál og sakamál. Einkamál skiptast síðan í munnlega flutt einkamál, þar sem vörnum er haldið uppi í svonefndum ágreiningsmálum⁷ auk lögræðismála og skriflega fluttra einkamála þar sem ekki er tekið til varnar. Sakamál sem berast dómstólunum eru af

⁵Á heimasíðu dómstólaráðs <http://www.domstolar.is> er að finna tölfraðiupplýsingar sem uppfærðar eru reglulega.

⁶Upplýsingar um mannfjölda eru teknar frá heimasíðu Hagstofu Íslands.

⁷t.d. mál vegna fjárnáms, nauðungarsölu, lögbanns, gjaldþrots, greiðslustöðvunar, nauðasamninga, beinna aðfarargerða o.s.frv.

tvennum toga. Annars vegar eru mál sem höfðuð eru af ákærvaldinu⁸ á hendur einstaklingum eða lögaðilum til refsingar. Hins vegar eru svonefnd sektarboðsmál. Lögreglustjóra er lögum samkvæmt heimilt til að ljúka vissum málum með greiðslu sektar. Sakborningi er gefinn kostur á að ljúka máli sínu með sektargreiðslu. Sinni sakborningur ekki sektargreiðslunni getur lögreglustjóri sent málið héraðsdómara til ákvörðunar sektar og vararefsingar. Dómari tekur ákvörðun um viðurlög með áritun á sektarboð lögreglustjóra og hefur slík áritun sömu áhrif og dómur. Dómarar ganga svokallaðar rannsóknarvaktir og sinna þar erindum frá lögreglu þar sem atbeina dómstóla er þörf í þágu rannsóknar sakamáls. Viðamestu málin eru annars vegar kröfur um gæsluvarðhald og hins vegar skýrslutökur af börnum sem grunur leikur á að hafi mátt þola kynferðisbrot. Fjölbreytt mál koma til úrlausnar hjá héraðsdómstólunum og eru nánari upplýsingar og sundurliðun mála birt í töflu 5 hér að neðan.


Héraðsdómstólarnir innheimta dómsmálagjöld á grundvelli ákvæða laga um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991. Dómsmálagjöld eru greidd vegna meðferðar einkamála í héraði og fara þau stighækkandi með hliðsjón af stefnufjárhæð máls. Fyrir þingfestingu máls, þar sem stefnufjárhæð nemur allt að 3 m.kr., greiðast 15.000 kr. í þingfestingargjald. Fyrir þingfestingu máls þar sem stefnufjárhæð er frá 3 m.kr. að 30 m.kr. og vegna mála þar sem krafist er viðurkenningar á réttindum og/eða skyldu greiðast 30.000 kr. Gjaldskrá á grundvelli ákvæða laga um aukatekjur ríkissjóðs má nálgast á heimasíðu héraðsdómstólanna. Sem dæmi má nefna þá innheimti Héraðsdómur Reykjavíkur 218 m.kr. í dómsmálagjöld á árinu 2012 en 175 m.kr. í dómsmálagjöld á árinu 2013.

⁸ Lögreglustjóri, ríkissaksóknari og sérstakur saksóknari fara með ákærvaldið.

Fjöldi sakfellinga eftir skilgreindum brotaflokkum

Á meðfylgjandi töflu má sjá fjölda sakfellinga hjá héraðsdómstólunum í heild sinni á árinu 2013 í tilgreindum brotaflokkum. Ekki er um tæmandi greiningu á brotaflokkum að ræða heldur einugis hluta af þeim sem koma til meðferðar héraðsdómstólanna.

Mynd 20. Fjöldi sakfellinga eftir skilgreindum brotaflokkum fyrir árið 2013⁹




⁹ Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða um fjölda sakfellinga hjá dómstólunum.

Skýrslutaka af brotþola yngri en 18 ára

Á meðfylgjandi mynd má sjá fjölda skýrslutaka á rannsóknarstigi máls af brotþola yngri en 18 ára á árunum 2008 til 2013 eftir kyni og fæðingarári barns.


Mynd 21. Skýrslutökur af börnum yngri en 18 ára



Fjöldi dómsmála á árinu 2013 og samanburður milli ára

Að neðan getur að líta mynd af heildarfjölda mála sem bárust héraðsdómstólunum á árunum 2000-2013. Á árinu 2013 fjölgaði skráðum málum hjá héraðsdómstólunum úr 17.757 á árinu 2012 í 19.697 á árinu 2013.

Mynd 22. Þróun heildarmálfjölda héraðsdómstólanna



Dómsmál við héraðsdómstólana eru í grófum dráttum flokkuð í 30 málaflokka eða tegundir. Skráning í málaskrárkerfi héraðsdómstólanna tekur mið af þeirri skiptingu. Á meðfylgjandi töflu sést sundurliðun þeirra mála sem bárust héraðsdómstólunum eftir tegund þeirra á árinu 2013. Dómsmál eru afar mismundandi að umfangi og því segir fjöldi mála í einstökum málaflokkum ekki alla söguna um vægi málaflokksins fyrir starfsemi héraðsdómstólanna. Stærstu málaflokkarnir eru einkamál og sakamál. Innkomin mál skiptust þannig á árinu 2013 eftir málaflokkum og dómstólum eins og meðfylgjandi tafla sýnir. Í töflunni má einnig sjá samanburð við fjölda mála á árinu 2012 og hlutfallslega breytingu milli ára.

Tafla 5. Heildar fjöldi innkominna mála sundurliðað eftir dómstólum og tegundum mála


										Samanburður milli ára		
	HDR	HDRN	HDVL	HDVF	HDNV	HDNE	HDAL	HDSL	Samtals	2012	Breyting %	Fjöldi
Aðfararbeiðnir	1352	856	105	58	47	132	62	207	2819	1876	50%	943
Innsetningarbeiðnir	229	121	15	4	11	22	12	35	449	324	39%	125
Útburðarbeiðnir	211	185	17	10	5	33	6	25	492	436	13%	56
Bráðabirgðaforstjórn og farþagnir	3	1	0	0	0	0	0	0	4	30	-87%	-26
Opinber skipti	81	33	8	1	6	8	6	9	152	121	26%	31
Einkamál	5257	1735	183	76	66	337	120	359	8133	7215	13%	918
Munnlega flutt	809	183	14	4	9	33	14	54	1120	1153	-3%	-33
Skriflega flutt	4448	1552	169	72	57	304	106	305	7013	6062	16%	951
Flýtimeðferðarmál	12	2	0	0	0	0	0	1	15	6	150%	9
Gjaldþrotaskipti	1121	936	43	36	31	121	39	231	2558	2702	-5%	-144
Horfnir menn	0	0	0	0	0	1	0	1	2	3	-33%	-1
Greiðslustöðvunarbeiðnir	1	1	1	0	0	0	0	0	3	5	-40%	-2
Ágreiningsmál v/kyrrsetningar, lögbanns	10	0	0	0	0	0	0	0	10	12	-17%	-2
Lögræðismál	79	28	6	1	1	5	1	4	125	126	-1%	-1
Matsmál	172	34	11	0	1	6	4	23	251	207	21%	44
Nauðasamningsumleitanir	17	19	0	0	0	2	0	3	41	49	-16%	-8
Sjópróf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	-100%	-1
Ágreiningsmál v/dánarbússkipta o.fl.	25	14	1	1	3	1	0	4	49	28	75%	21
Rannsóknarúrskurðir	498	809	33	17	8	27	9	50	1451	1355	7%	96
Gæsluvarðhaldsúrskurðir	171	182	9	0	0	2	1	6	371	388	-4%	-17
Húsleitarúrskurðir	85	166	7	5	4	5	5	9	286	262	9%	24
Sakamál	1382	1055	193	78	35	269	66	626	3704	3179	17%	525
Höfðuð með ákæru	881	499	155	54	26	254	53	419	2341	2092	12%	249
Sektarboðsmál	501	556	38	24	9	15	13	207	1363	1087	25%	276
Ágreiningsmál vegna þinglýsinga	3	5	0	0	0	0	0	0	8	12	-33%	-4
Barnaverndarmál	8	9	0	0	0	1	0	1	19	24	-21%	-5
Vitnamál	35	12	0	1	0	0	2	1	51	46	11%	5
Ágreiningsmál v/gjaldþrotaskipta	166	29	2	0	0	6	1	7	211	683	-69%	-472
Ágreiningsmál v/aðfarargerða	19	11	0	0	0	2	2	3	37	36	3%	1
Ágreiningsmál v/naudungarsölu	13	12	0	0	0	1	1	10	37	28	32%	9
Önnur mál	11	4	0	0	0	0	2	0	17	13	31%	4
Samtals mál	10265	5605	586	269	198	919	315	1540	19697	17757	11%	1940
Árið 2012:	9639	4803	562	241	191	879	296	1146	17757			
Breyting milli ára:	6,5%	16,7%	4,3%	11,6%	3,7%	4,6%	6,4%	34,4%	10,9%			

Fjöldi mála eftir málaflokkum

Munnlega flutt einkamál


Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda munnlega fluttra einkamála á tímabilinu frá árinu 2000-2013. Munnlega fluttum einkamálum fækkaði lítillega milli ára, en þau voru samtals 1.153 á árinu 2012 en 1.120 á árinu 2013.

Mynd 23. Þróun munnlega fluttra einkamála




Á meðfylgjandi mynd má sjá lyktir og málsmeðferðartíma í munnlega fluttum einkamálum. Lyktir munnlega fluttra einkamála geta verið mismunandi en flestum málanna lýkur með dómi. Hluta málanna er vísað frá dómi, sáttir takast með aðilum, eða málin eru felld niður.

Mynd 24. Lyktir og málsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála



Á meðfylgjandi mynd má sjá málsmeðferðartíma munnlega fluttra einkamála í samanburði við fjölda innsendra mála, afgreiddra mála og óafgreiddra munnlega fluttra einkamála hjá héraðsdómstólunum frá árinu 1999-2013. Meðalmálsmeðferðartími munnlega flutts einkamáls hefur stýst að meðaltali um fimm daga, var 340 dagar á árinu 2013 en 345 dagar á árinu 2012.

Mynd 25. Málsmeðferðartími og afgreiðsla munnlega fluttra einkamála



Tafla 6. Tegund munnlega fluttra einkamála


Tegundir eða eðli þeirra einkamála sem rekin eru fyrir dómstólunum eru margvísleg eins og sést í meðfylgjandi töflu. Á árinu 2013 voru flest munnlega fluttu einkamálanna sem rekin voru fyrir héraðsdómstólunum skuldamál en þar á eftir koma skaðabótamál, riftunarmál þrotabúa og vinnulaunamál.

Tegund	HDR	HDRN	HDVL	HDVF	HDNV	HDNE	HDAL	HDSL	Samtals
Óskráð	7	1	0	0	0	0	0	2	10
Barnaverndarmál	1	1	0	0	0	0	0	1	3
Barnsfaðernismál	18	9	0	0	0	1	0	1	29
Eignarréttarmál	3	2	1	0	2	5	0	0	13
Erfðamál	2	0	0	0	0	0	0	0	2
Fasteignakaup, gallar	13	5	0	0	0	2	0	0	20
Fasteignakaup, greiðsludráttur	3	3	0	0	0	0	0	3	9
Firmamál	1	0	0	0	0	1	0	0	2
Fjármögnunarsamningur	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Forsjármál	23	20	0	0	0	3	1	0	47
Húsaleigumál	10	2	0	0	0	1	0	0	13
Höfundarréttarmál	4	0	0	0	0	0	0	0	4
Landamerkjumál	4	0	1	0	0	1	0	1	7
Lausafjárkaup, gallar	2	0	1	0	0	0	0	0	3
Lausafjárkaup, greiðsludráttur	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mál um einkaleyfi	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mál um vörumerki	1	0	0	0	0	0	0	0	1
Meiðyrðamál	13	0	0	0	0	0	1	0	14
Ögilding stjórnarathafnar	24	0	0	0	0	0	0	0	24
Ögildingarmál	11	2	2	0	0	0	0	0	15
Riftun og skuldamál	6	1	1	0	0	2	1	0	11
Riftunarmál þrotabúa	54	14	0	0	0	0	0	0	68
Sífaréttarmál	9	10	0	0	0	1	0	0	20
Skaðabótamál	120	13	1	2	0	0	2	10	148
Skaðabótamál, eignatjón	5	1	0	0	0	0	0	0	6
Skaðabótamál, miski /örorka	58	3	0	0	1	1	0	0	63
Skattamál	12	0	0	0	0	0	0	0	12
Skuldabréfamál	1	0	0	0	0	0	0	0	1
Skuldamál	300	56	4	2	5	10	1	13	391
Tékkamál	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Úrelt:									
Vörum/einkal/firmu	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Vátryggingarmál	12	1	0	0	0	0	0	0	13
Vefengingarmál	10	9	0	0	0	0	0	0	19
Verksamningur	7	2	0	0	0	0	0	0	9
Vinnulaunamál	30	16	1	0	0	3	7	2	59
Víxilmál	4	0	0	0	0	0	0	0	4
Önnur mál	41	11	1	0	1	2	1	5	62

Skriflega flutt einkamál


Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda skriflega fluttra einkamála hjá héraðsdómstólunum frá árinu 2000-2013. Oft er þessi tegund mála kölluð útvistarmál eða áritunarmál. Skriflega fluttum einkamálum fjölgaði frá árinu 2012, en þau voru samtals 6.062 á árinu 2012 en 7.013 á árinu 2013.

Mynd 26. Þróun fjölda skriflega fluttra einkamála



Á meðfylgjandi mynd má sjá málsmeðferðartíma og lyktir skriflega fluttra einkamála hjá héraðsdómstólunum fyrir árið 2013. Meðalmálsmeðferðartími skriflega flutts einkamáls var 43 dagar á árinu 2012 en 49 dagar á árinu 2013.


Mynd 27. Lyktir skriflegra fluttra einkamála og málsmeðferðartími þeirra



Sakamál og sundurliðun ákærumála

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda innkominna ákærumála hjá héraðsdómstólunum frá árinu 2000-2013. Ákærumálum hefur fjölgað frá árinu 2012. Ákærumálin voru samtals 2.341 árið 2013 en 2.092 á árinu 2012.

Mynd 28. Þróun fjölda innkominna ákærumála



Meðfylgjandi tafla sýnir sundurliðun sakamála eftir ákærandi hverju sinni á árinu 2012 samanborið við árið 2013 og hlutfallsbreytingu í fjölda mála milli áranna. Sakamálum, þar með talin sektarboðsmál, hefur fjölgað frá árinu 2012. Þau voru samtals 3.179 á árinu 2012 en 3.706 á árinu 2013.


Tafla 7. Fjöldi sakamála og sundurliðun ákærumála

Ákærandi	2012	2013	Breyting milli ára
Ríkissaksóknari	180	253	41%
Ríkislögreglustjóri	1	0	-100%
Sérstakur saksóknari	47	50	6%
Lögreglustjóri	1.864	2.038	9%
Heildarfjöldi ákærumála	2.092	2.341	12%
Sakamál samtals ¹⁰	3.179	3.706	17%

¹⁰ Þar með talin sektarboðsmál sem voru samtals 1.087 á árinu 2012 en samtals 1.363 á árinu 2013.


Á meðfylgjandi mynd má sjá málsmeðferðartíma ákærumála hjá héraðsdómstólunum í samanburði við fjölda innsendra ákærumála, afgreiddra ákærumála og óafgreiddra ákærumála hjá héraðsdómstólunum fyrir árin 1999-2013. Meðalmálsmeðferðartími ákærumáls hefur lengst um fimm daga, var 70 dagar á árinu 2013 en 65 dagar á árinu 2012. Á sama tíma hefur málum fjölgað um 249.

Mynd 29. Málsmeðferðartími og afgreiðsla ákærumála




Á meðfylgjandi mynd má sjá lyktir ákærumála sem koma frá lögreglunni en flestum málanna lýkur með dómi eða sektarboði.

Mynd 30. Lyktir ákærumála frá lögreglu og málsmeðferðartími



Á meðfylgjandi mynd sjást lyktir ákærumála frá Ríkissaksóknara. Flestum málanna lýkur með dómi.


Mynd 31. Lyktir ákærumála frá ríkissaksóknara og málsmeðferðartími



Ágreiningsmál vegna gjaldþrotaskipta

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda ágreiningsmála sem rísa við gjaldþrotaskipti á tímabilinu frá árinu 2000-2013. Ágreiningsmálum fækkaði frá árinu 2012. Þá voru þau samtals 683 mál, en samtals 211 á árinu 2013.


Mynd 32. Þróun fjölda ágreiningsmála vegna gjaldþrotaskipta



Gjaldþrotaúrskurðir

Meðfylgjandi tafla sýnir sundurliðun uppkveðinna gjaldþrotaúrskurða hjá héraðsdómstólunum sundurliðað eftir kyni og lögaðila á tímabilinu 2002 til ársins 2013. Fjöldi uppkveðinna gjaldþrotaúrskurða einstaklinga hefur fjölgað frá því að vera samtals 291 á árinu 2012 í 369 á árinu 2013. Gjaldþrotaúrskurðum lögaðila hefur fækkað frá árinu 2012, þá voru gjaldþrotaúrskurðir lögaðila 1.110 en 930 á árinu 2013.


Mynd 33. Þróun fjölda gjaldþrotaúrskurða



Gjaldþrotaskiptabeiðnir

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda gjaldþrotabeiðna hjá héraðsdómstólunum frá árinu 2000-2013. Beiðnunum fækkaði frá árinu 2012, úr 2.702 beiðnum á árinu 2012 í 2.558 beiðnir á árinu 2013.


Mynd 34. Þróun fjölda gjaldþrotaskiptabeiðna



Rannsóknarúrskurðir

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda uppkveðinna úrskurða hjá héraðsdómstólunum á grundvelli rannsóknar sakamáls á tímabilinu 2001 til ársins 2013. Uppkveðnir rannsóknarúrskurðir voru samtals 1.451 á árinu 2013 en 1.361 á árinu 2012.

Mynd 35. Þróun fjölda rannsóknarúrskurða





DÓMSÞÓLARÁÐ

Dómsþólinu við Lækjartorg · 101 Reykjavík · sími: 551 2900 · domstolarad@domstolar.is · www.domstolar.is · kennitala: 410798-3449